



Launa- og tekjubróun hefur verið hagstæð síðustu ár

Hagstæð launaþróun

Launavísitala hækkaði um 0,5% milli apríl og maí og nam ársþækkunin í maí 13,3%. Þetta eru miklar launabreytingar í ljósi þess að stöðugleiki ríkir og verðbólga er lítil. Hvort tveggja veldur því að kaupmáttur hefur einnig aukist verulega, eða um 11,4% frá maí 2015. Launahækkunar vegna kjarasamninga hafa verið miklar og svo virðist vera eitthvert launaskrið í gangi þar sem launavísitalan hækkar nokkuð stöðugt frá mánuði til mánaðar.

Kaupmáttur launavísitölu hefur aldrei verið meiri


Kaupmáttur launa er nú hærri en hann hefur verið nokkurn tíma áður. Kaupmáttur launavísitölu náði hámarki í ágúst 2007 en svo dró aftur úr honum og náði hann ekki sama stigi fyrr en í nóvember 2014 og hefur hann aukist um 12% síðan þá. Kaupmáttur náði tímabundnu lágmarki í maí 2010 og hefur aukist um 30% frá þeim tíma. Kaupmáttur hefur aukist nokkuð stöðugt frá því 2010, en aukningin frá því í ársbyrjun 2015 er sérstaklega hröð og sú langmesta frá aldamótum.

Merki svo mikilla launahækkana eru illgreinanlegar í núverandi verðbólguþingi og hefur verðbólga haldist lág þrátt fyrir miklar launahækkunar. Þar koma t.d. til ytri skilyrði eins og lækkun hrávöruverðs og einnig styrking krónunnar. En innlendir þáttir skipta líka máli. Þrátt fyrir um 12% hækkun launavísitölu milli ára á 1. ársfjórðungi 2015 hækkaði opinber þjónusta einungis um 3,5% og önnur þjónusta um 2,3%. Alls var framlag þjónustu til ársverðbólgu 0,7 prósentustig. Það virðist því sem atvinnurekendur hafi haft svigrúm til að hækka laun, án þess að þurfa að velja hækkunum út í verðlagið.

Laun er ekki sama og tekjur


Launavísitalan mælir breytingu launa á tímaeiningu óháð vinnutíma og mælir því ekki tekjubreytingu. Atvinnutekjur er annað hugtak og þar eru mældar

Launaþróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Þróun launa og verðlag þjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands.



launatekjur og aðrar starfstengdar tekjur, ökutækjastyrkur, dagpeningar og hlunnindi. Auk þess teljast reiknað endurgjald og tekjur erlendis, aðrar en fjármagnstekjur, til atvinnutekna. Atvinnutekjur mæla því allar tekjur af atvinnu á öllum þeim tíma sem unninn er. Breytingar á vinnutíma geta því skipt miklu fyrir atvinnutekjur.

Ráðstöfunartekjur er svo eitt tekjuhugtak í viðbót þar sem skattar og fleira reiknast inn. Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur að frádrögnum sköttum og greiðslum í lífeyrissjóði.


Þróun launavísitölu og tekna

Eins og áður segir mælir launavísitalan laun á tímaeiningu og henni er ætlað að mæla meðalþróun launa í landinu án tillits til vinnutíma. Launavísitalan lækkar því ekki nema nafnlaun lækki beint sem gerist varla. Hér á landi hefur það jafnan verið verðbólgan sem hefur séð um að lækka raunlaun, þar sem nafnlaun eru mjög tregbreytanleg niður á við. Síðustu 20 ár hefur launavísitalan aldrei lækkað, ekki einu sinni á árunum 2009 og 2010.


Kringum árið 2003 fór að draga í sundur með launaþróun og tekjuþróun. Þessi tilhneiging fór reyndar fyrir af stað en munurinn fór að verða meiri eftir 2003, sérstaklega hvað ráðstöfunartekjurnar varðar. Þarna má sjá ýmiss merki þenslunnar sem ríkti á þessum tímum, vinnutími lengdist og svo hækkuðu ýmsar greiðslur fyrir vinnu sem launavísitalan mælir ekki. Hvað ráðstöfunartekjur varðar skipta skattalækkanir á þessum árum líka máli og einnig má nefna miklar fjármagnstekjur þessi árin, en þær teljast ekki til atvinnutekna.

Á árinu 2009 lækkuðu atvinnutekjur um u.þ.b. 4% að nafnvirði og skiptir minni atvinnuþátttaka, aukið atvinnuleysi og styttri vinnutími þar miklu. Ráðstöfunartekjurnar lækkuðu hins vegar tvö ár í röð. Þar skipta allir áðurnefndir þættir máli en auk þess kemur til aukin skattbyrði í kjölfar hrunsins sem lækka ráðstöfunartekjurnar.


Þessi mynd breytist auðvitað nokkuð þegar tekið er tillit til verðbólgunnar. Þannig lækkaði raunvirði ráðstöfunartekna bæði árin 2009 og 2010. Raunvirði atvinnutekna og launavísitölu lækkaði öll árin 2008, 2009 og 2010.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Ráðstöfunartekjur á mann

Í þjóðhagsreikningum er hugtakið ráðstöfunartekjur á mann mikið notað. Samfélagið aflar ákveðinna tekna á ári hverju, en okkur sem búa þessar tekjur til fjölgar alltaf ár frá ári. Með því að nota ráðstöfunartekjur á mann má sjá hversu mikið meðalmaðurinn hefur til skiptanna hverju sinni. Einnig er handhægt að nota þetta hugtak í samanburði milli þjóða.

Eins og sjá má á myndinni eykst munurinn á milli ráðstöfunartekna og ráðstöfunartekna á mann stöðugt með tímanum og ráðstöfunartekjur á mann hækka minna.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.